

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hellu, 1977–1998 – iðnaðarsvæði við Dynskála.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Rangárvallahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 5. mars 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hellu 1977-1998, er staðfest var 2. febrúar 1980, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölgín í því að stækkað er iðnaðarsvæði austast í þéttbýlinu til norðausturs fyrir olubirgðastöð. Ennfremur færast umferðartenging Dynskála við Þjóðveg nr. 1 til austurs.

Hreppsnefnd Rangárvallahrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytinu, 8. júlí 1997.

F. h. r.

Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

11. júlí 1997

SAMÞYKKT

Nr. 468

fyrir Veidifélag Hellisár.

1. Félagið heitir Veidifélag Hellisár í Skaftárhreppi. Heimili þess og varnarþing er það sama og formanns.
2. Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Hellisá í Skaftárhreppi, allt að eystri mörkum jarðarinnar Holts, en þær eru Skaftárdalur I-III, Skál og Holt.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og að ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurskosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.
6. Aðalfundur skal halda í janúarmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.